

Boglínur steinsins

Steininn er harður en það er samt hægt að móta hann. Það hefur Örn Þorsteinsson fengist við í áratugi og sér steina öðrum augum en við hin. Örn talaði við DV um harða steina, mjúkar línur og niðurrif herstöðva.

Um þessar mundir eru Kjarvalsstaðir á Miklatúni fullir af steinum. Það er grjót úti um allt hús og það liggur eins og hráviði fyrir utan húsið líka. Sá sem gengur þar um salarkynni er umkringdur undarlegum formum meitluðum í stein. Þessir grjóthnullungar og völur eru handaverk Arnar Þorsteinssonar myndlistarmanns sem þarna sýnir verk sem hann hefur unnið í stein undanfarin ár.

Sýningin hefur staðið nokkrar vikur eða nógu lengi til þess að sýningarskrár eru á þrotum í afgreiðslu þegar blaðamann DV ber að garði. Nú stendur hins vegar yfir síðasta sýningarhelgin svo það munu vera síðustu forvöð að líta á hana.

Við settumst með listamanninum undir vegg í sólinni og horfðum á undarlega mjúkar og fallegar boglínur í hörðum steinhnullungum og Örn fer að tala um ólíkt lundarfar steinanna.

Steinar eins og menn

„Það heillar mig að vinna með steina sem náttúran hefur verið að fást við að móta í þúsundir ára. Steinar eru nefnilega líkt og menn. Sumir eru léttlyndir og aðrir þunglyndir og sumir steinar kalla á meitilför og í litlum steini getur komið í ljós heill ævintýraheimur þegar maður byrjar að fást við að móta hann," segir Örn sem hefur sótt marga af stóru steinunum í fjöruna við Lónkot í Skagafirði sem er ekki langt frá Hofsósi.

Það er ekki vegna þess að hann hafi einhver sérstök tengsl við Skagafjörð eða sé sérstaklega heillaður af þeim steinum sem þar liggja í fjörum heldur kom það til með þeim hætti að hann fékk tilboð um að vinna sýningu fyrir Lónkot sem er vinsæll ferðamannastaður rétt hjá Hofsósi.

Örn fór norður og féll fyrir steinunum í fjörunni og hjó marga þeirra til og sýndi í Lónkoti og nokkur þeirra verka eru á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

„Mín vinna síðustu árin hefur falist í því að draga myndir undan skikkju steinanna. Ég kanna viðbrögð steinsins með því að kríta á hann áður en fyrsta meitilfarið lendir á honum og að móta mynd í stein getur verið: Hættahljóð-umbreyting-þögn-niðurbrot-samrunivindur og ljós-myrkur-logn og mökkur."

Það yngsta 30 ára

Þessar stærstu myndir eru höggnar í grágrýti sem er að sögn jarðfræðinga myndast við eldgos fyrir um það bil 500–700 þúsundum ára og blágrýti er eitt algengasta berg á jörðinni sem er basalt. Nokkrar smærri myndanna eru síðan unnar úr grágrýti sem er fengið úr hraunhettunni á Öskjuhlíð en það er miklum mun yngra, eða 100–200 þúsund ára. Þetta er sama grágrýtið og var notað í Stjórnarráðshúsið, Alþingishúsið og Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Örn segir að margir steinanna sem hann sótti í gamla grjótnámið í Öskjuhlíð hafi borið þess merki að mannshöndin hafði komið við þá áður og það fannst honum gefa verkunum aukna vídd.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessir steinar komast í manna hendur og það hafa aðrir en ég svitnað við þá."

Yngsta bergið sem Örn notar sem hráefni í listaverk á sýningu sinni er hluti af hrauninu sem rann í Vestmannaeyjagosinu árið 1973 og er því aðeins 30 ára og telst vera svokallað hawaiít enda kennt við eldfjallaeyju. Á hinum endanum, ef svo má segja, er mynd sem Örn vann í gabbró frá Geitafelli í Hornafirði en gabbróið er djúpberg sem storknaði í iðrum jarðar fyrir 4-5 milljónum ára.

Höggmyndirnar eru að mestu unnar utandyra við Sævarhöfða í Reykjavík og á bryggju í Reykjavík en annars hefur Örn vinnustofu við heimili sitt í Seljahverfi.

„Að vinna með steinum í svo langan tíma hefur gefið mér mikinn kraft og orku sem blikar vonandi í þessari sýningu."

Lengi að kynnast grjótinu

Örn segist hafa verið í mörg ár að kynnast grjótinu en hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík árið 1971 og fór síðan í framhaldsnám í Konstskolan í Stokkhólmi í eitt ár.

„Ég sérhæfði mig ekki í steinhöggi í skólanum enda var eiginlega ekki sérstök myndhöggvaradeild við skólann á þeim tíma. Ég kenndi við Myndlista- og handíðaskólann í ellefu ár eftir heimkomuna, meðan ég var að koma undir mig fótunum í heiminum, en hætti því árið 1983 og hef síðan fengist einvörðungu við myndlist.

Maður þarf að ráða við ákveðna tækni við steinhöggið og það er engin ástæða til að slíta sér út við þetta. Maður á að eyða eins lítilli orku í þetta og hægt er. Það er nauðsynlegt að sýna útsjónarsemi og natni til þess að hleypa ekki allri orkunni út."